



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2008
Tilvísun: UST20080300047/bs

Sundabraut 1. áfangi, Sundagöng og Eyjalausn. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 7. mars sl. þar sem óskað er umagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við matsáætlunina.

Áhrifasvæði

Í tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram að áhrifasvæði vegna áhrifa á landslag og sjónræna þætti, hljóðvist og loftgæði geti verið víðfeðmt. Í frummatsskýrslu verði lagt mat á áhrifasvæðið fyrir framangreinda þætti.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu verði að fjalla um hvort áhrifa vegna aukinnar gegnumstreymis umferðar muni gæta í aðliggjandi hverfum. Skoða verður hvernig skilgreina beri athugunarsvæði með tilliti til breytts umferðarmynsturs, en mögulegt svæði beinna áhrifa sé of þröngt skilgreint til að hægt verði að gera framangeindum atriðum fullnægjandi skil. Einnig mætti skoða hvort ráðgert sé að stýra þróun umferðar með t.d. lokun gatna, einstefnu o.s.frv.

Efnisnám / jarðvegur

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki verði opnaðir nýir efnistökuastaðir vegna framkvæmda við Sundagöng en þess í stað stefnt að því að nýta efni úr göngum í landfyllingar. Efni til grjótvarna á landfyllingu við Laugarnes verður fengið úr viðurkenndum námum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki kemur fram hvað átt er við með viðurkenndum námum. Koma verður fram hvort þar er átt við námur sem komnar eru með framkvæmdaleyfi í samræmi við ákvæði IV til bráðabirgða í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gera grein fyrir efnisþörf vegna framkvæmda við Sundagöng og Eyjaleið (á bæði við laust efni og grjót). Ef grjótnám verður á landi utan borgarmarka Reykjavíkur telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að fjallað verði um áhrif svo mikilla efnisflutninga innan borgarmarkanna, enda hljóti efnisflutningar á núverandi vegakerfi að hafa töluverð umhverfisáhrif í för með sér. Má benda á að helstu áhyggjuefni

íbúa í tengslum við efnisflutninga varða umferð um núverandi gatnakerfi og aukið álag á það, sbr. athugasemdir íbúa vegna fyrirhugaðra framkvæmda við snjóflóðavarnargarð á Ólafsfirði. Ef fyrirhuguð er efnistaka í Geldinganesi þarf að gera grein fyrir umhverfisáhrifum þeirrar efnistöku og hvernig hún samræmist samþykktum skipulagsáætlunum.

Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar umhverfisviðs Reykjavíkurborgar (nú umhverfis- og samgöngusvið), sjá fylgiskjal með tillögu að matsáætlun, þess efnis að gerð verði ítarleg grein fyrir nýtingu og haugsetningu efnis sem til fellur vegna Sundaganga.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að tenging Sundaganga við Klettagarða fer um rampa sem tengjast Klettagörðum um lóð Hringrásar. Hringrás hefur stundað endurvinnslu á lóðinni og vitað er að þar hefur verið mengaður jarðvegur. Umhverfisstofnun bendir því á að sýna verður aðgát varðandi jarðvegsskipti og meðhöndla jarðveg á viðeigandi hátt ef með þarf.

Hafstraumar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerðir verði nýir útreikningar á straumum fyrir tilfelli sem kallast *Eyjalausn breytt tillaga án fyllinga við Gufunes*. Um er að ræða tilfelli þar sem reiknað er fyrir fyllingu sem mun liggja undir Sundabraut en ekki er reiknað með fyllingum skv. gildandi aðalskipulagi vestan við Gufunes.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu verði einnig að gera grein fyrir breytingum á straumum að teknu tilliti til sammögnunaráhrifa með öllum þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru í nágrenni við framkvæmdasvæðið, þ.m.t. landfyllingum við Gufunes. Gera verður grein fyrir áætluðum breytingum miðað við núverandi ástand lands.

Umhverfisstofnun ítrekar fyrri ábendingar þess efnis að brúarhöft verði höfð umtalsvert stærri en reiknuð nauðsyn miðað við meðalrennsli bendir til, sbr. einnig eftirfarandi athugasemd í umsögn Umhverfisstofnunar frá 28. október 2004:

„Stofnunin bendir á sérstakt náttúruverndargildi Elliðaánna og Grafarvogs og telur að ef þessi svæði myndu raskast að einhverju leyti, yrði það óbætanlegur skaði fyrir náttúrufar og íbúa Reykjavíkurborgar. Stofnunin leggur til að fjölbreyttari aðstæður séu kannaðar, m.a. lágmarksstreymi, hámarksstreymi, stórstreymi og smástreymi, áhlaðandi og annað sem til greina kæmi og að því loknu verði brúargöt stækkuð umfram það sem út úr slíkum reikningum kemur.“

Ofanvatn

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fjallað verði um meðhöndlun ofanvatns frá samgöngumannvirkjum og frárennslis frá jarðgöngum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ofanvatni verði ekki veitt til sjávar án sérstakrar hreinsunar eða meðhöndlunar til að auka ekki mengunarálag á ósasvæði Elliðaáa.

Gruggmyndun

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um gruggmyndun vegna framkvæmdanna og og hugsanleg áhrif á lífríki í Kleppsvík.

Umhverfisstofnun minnir á að samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda þarf leyfi stofnunarinnar til að varpa dýpkunarefni í hafið. Stofnunin vekur jafnframt athygli á að opin landfylling, þ.e. nýmyndun lands, sem yfirleitt er varin að hluta með varnargörðum og efni liggur á hafsbotni að nokkru leyti óvarið fyrir straumum og lífríki, telst vera varp í hafið í skilningi laganna, sbr. leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Hljóðvist

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gerð verði grein fyrir áhrifum framkvæmda á hljóðvist á þeim götum þar sem fyrirséð er að umferð muni aukast í kjölfar framkvæmdanna. Jafnframt telur stofnunin mikilvægt að fjallað verði með ítarlegum hætti um útfærslu hljóðvarna ef þeirra er þörf. Einnig komi fram upplýsingar um samráð við íbúa en hljóðvist og hljóðvarnir eru einn af þeim þáttum sem íbúar í þéttbýli láta sig mikið varða.

Loftgæði

Í mati á umhverfisáhrifum 1. áfanga Sundabrautar árið 2004 kom m.a. fram að styrkur svifryks getur farið yfir viðmiðunarmörk nokkrum sinnum á ári. Í úrskurði Skipulagsstofnunar segir m.a.:

„Samkvæmt framlögðum gögnum Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar sýnir samanburður á mælingum á svifryki við gatnamót Grensásvegjar og Miklubrautar og áætlaðri umferð um gatnamót Sundabrautar og Sæbrautar og Sundabrautar og Hallsvegjar fyrir árið 2024 að búast má við að styrkur svifryks geti í mesta lagi orðið af svipaðri stærðargráðu og nú er við gatnamót við Grensásveg en þar hefur styrkurinn farið yfir viðmiðunarmörk nokkrum sinnum á ári. ...Því telur stofnunin nauðsynlegt að Reykjavíkurborg og Vegagerðin leiti allra leiða til að draga úr svifryksmengun svo unnt verði að tryggja viðunandi loftgæði umhverfis Sundabraut.“

Umhverfisstofnun telur því að fjalla verði um svifryk í frummatsskýrslu vegna beggja framkvæmdakosta og hvar hætta sé á að svifryk fari yfir viðmiðunarmörk. Einnig eigi að leggja tölulegt mat á hversu oft farið er yfir þau mörk og hversu hár styrkur gæti orðið við verstu skilyrði. Í því mati verði ekki eingöngu miðað við sót í útblæstri heldur einnig aðrar uppsprettur svifryks, s.s. vegna nagladekkjanotkunar. Gera ætti kort sem sýnir dreifingu loftmengunar, svipað hljóðvistarkortum, þar sem fram komi:

- Kort er sýni það svæði þar sem búast má við að PM10 fari $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (sólarhringsmeðaltal) 7 sinnum á ári.
- Kort sem sýni $20 \mu\text{g}/\text{m}^3$ jafnstyrktarlínu (ársmeðaltal) umhverfis vegstæði.

Umhverfisstofnun minnir einnig á að í reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings er kveðið á um að umhverfismörk fyrir svifryk muni lækka umtalsvert á næstu árum, sbr. viðauka III með reglugerðinni. Mörk þau sem munu gilda frá 1. janúar 2010 hafa þegar tekið gildi sem leiðbeiningargildi og ber framkvæmdaraðila að miða við þau við mat sitt, enda liggur fyrir að undirbúningur og framkvæmd Sundabrautar muni taka um 5-6 ár, sbr. upplýsingar í tillögu að matsáætlun.

Valkostir

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um þann möguleika að reisa lágreista brú yfir Kleppsvík samkvæmt leið III vegna mikilvægis ósasvæðis Elliðaánna og Grafarvogs fyrir lífríki. Með þessum valkosti yrði ekki þrengt að ósasvæði Elliðaána með miklum uppfyllingum og hægt að draga verulega úr hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki. Einnig yrði dregið úr áhrifum á framkvæmdatíma m.a. vegna gruggmyndunar. Slík framkvæmd myndi einnig hafa annars konar og að líkindum jákvæðari sjónræn áhrif í för með sér.

Þættir sem ekki á að skoða í frummatsskýrslu

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki er talin þörf á frekari rannsóknum og umfjöllun í


frummatsskýslu um nokkra umhverfisþætti, þ.e. gróðurfar, fuglalíf, botndýralíf og urðunarstaðinn við Gufunes. Er því til stuðnings vísað til sérfræðiálita hvað varðar fyrstu þrjá þættina. Hvað varða gróðurfar segir t.d. meðal annars: „*Ekki er því talin þörf á frekari rannsóknnum eða umfjöllun um áhrif á gróður og flóru í frummatsskýrslu.*”

Umhverfisstofnun telur m.t.t. fyrrgreindra sérfræðiálita ekki ástæðu til að gera athugasemdir við að ekki verði ráðist í frekari rannsóknir vegna gróðurfars, fuglalífs eða botndýralífs. Stofnunin telur þó nauðsynlegt þar sem um er að ræða nýtt mat og nýja frummatsskýrslu vegna nýs valkostar og breytingar á áður framkomnum valkosti nauðsynlegt að fjallað verði um þessa tilteknu umhverfisþætti í frummatsskýrslu út frá þeim gögnum sem fyrir liggja, burt séð frá mikilvægi þeirra. Umhverfisstofnun telur þetta ekki síst nauðsynlegt til að fá yfirsýn yfir heildar umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Hvað varðar urðunarstaðinn við Gufunes telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að fjallað verði um áhrif þess að leggja veg um urðunarstaðinn þrátt fyrir umfjöllun í matsskýrslu frá 2004. Gera verður grein fyrir hvernig staðið verður að vegaf framkvæmdum á þessum stað. Stofnunin hefur í fyrri umsögnum vegna mats á umhverfisáhrifum 1. áfanga Sundabrautar vakið athygli á að lítið er vitað um hvaða efni eru urðuð í Gufunesi og varað sérstaklega við því að hreyft sé við haugunum nema undir sérstöku eftirliti og að hugsað sé fyrir lausnum um förgun spilliefna sem þar kunna að finnast. Þá telur Umhverfisstofnun að leggja eigi fram vöktunaráætlun vegna þeirrar áhættu sem fylgir því að leggja veg um urðunarstaðinn, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar frá 29. júní 2004:

„Umhverfisstofnun telur að lagning Sundabrautar ofan á Gufuneshaugunum geti leitt af sér margháttuð vandræði, t.d. vegna óstöðugs undirlags rotnandi úrgangs með gasmyndun. Umhverfisstofnun telur að ef Sundabraut verður lögð yfir Gufuneshaugana sé ástæða til að vakta sérstaklega gasútstreymi af svæðinu og sigvatn, enda verði þá raskað svæði þar sem ýmis mengunarefni eru urðuð og þangað beint umferð, bæði bilaumferð og umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Því beri að leggja fram vöktunaráætlun sem taki mið af þessum þáttum.”

Virðingarfyllst


Sigrún Friðriksdóttir
Lagstjóri



Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri